

## **Prófnefnd löggiltra endurskoðenda**

Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – fyrri hluti

7. október 2014

kl. 9:00 – 17:00

### ***Ábendingar:***

*Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.*

*Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.*

*Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmans telst hún ógild og prófmaður fallinn.*

*Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.*

*Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu.*

*Prófmenn eru beðnir um að prenta tvö afrit af lausnum og skila í prófmöppu að prófinu loknu, auk þess að vista rafrænar úrlausnir.*

*Prófmönnum er óheimilt að taka með sér prófið, fylgiskjöl, lausnir eða nokkur önnur gögn að loknum fyrri prófdegi. Þessi gögn mega prófmenn hafa með sér að loknum síðari hluta prófsins.*

## **Verkefni 1 – 45 mín.**

TELEFON hf. er íslenskt fjarskiptafyrirtæki sem er skráð í kauphöll (Nasdaq OMX). Félagið er einnig með starfsemi á Norðurlöndunum og í Þýskalandi.

TELEFON hf. er endurskoðað af endurskoðunarkeðjunni Global Audit og á keðjan fulltrúa um allan heim. Global Audit hefur endurskoðað fyrirtækið frá árinu 2011. Þú ert umsjónarendurskoðandi (e. engagement partner) verkefnisins á Íslandi og jafnframt ábyrgur fyrir samstæðunni þar sem móðurfélagið er íslenskt. Guðrún Alda er verkefnastjóri í verkefninu og er hún í óða önn að skipuleggja endurskoðun á ársreikningi 2014. Hún leitar til þín með nokkur álitamál.

### **Úrlausnarefni:**

- A) Birgir Einarsson, sem einnig er einn af eigendum Global Audit á Íslandi, hefur leitað til teymisins þar sem hann hefur staðið í viðræðum við fjarskiptafélagið SMS um endurskoðun á ársreikningi SMS fyrir árið 2014. SMS er einn af megin keppinautum TELEFON á Íslandi. Birgir var að velta fyrir sér hvort það væri eitthvað því til fyrirstöðu að hann tæki að sér endurskoðun á SMS og hvort það gætu verið einhver álitamál sem tengdust því. Birgir taldi þetta vera gott tækifæri fyrir Global Audit að styrkja stöðu sína á endurskoðunarmarkaðnum og geta sérhæft sig í ákveðnum atvinnugreinum, en slíka sérþekkingu hefði oft vantað á íslenskan endurskoðunarmarkað. Guðrún Alda sagði þér jafnframt að hún teldi þetta stangast á við siðareglur endurskoðenda auk þess sem hún væri nokkuð viss um að TELEFON hf. myndi skipta um endurskoðendur ef Global Audit tæki að sér endurskoðun SMS.

**Telur þú að Global Audit eigi að taka að sér endurskoðun á SMS? Reifaðu álitamál.**

- B) Global Audit í Þýskalandi hefur sent beiðni um að fá að framkvæma virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild fyrir dótturfélag TELEFON í Þýskalandi. Global Audit í Þýskalandi mun ekki gefa endurskoðunaráritun á dótturfélagið þar sem félagið er undir endurskoðunarmörkum í Þýskalandi. Íslenskum stjórnendum samstæðunnar hefur ekki þótt ástæða til þess að fara fram á endurskoðun á dótturfélaginu. Global Audit í Þýskalandi telur matið verða tiltölulega einfalt og allar forsendur óvenju lítið matskenndar. Viðskiptavildin er þó stærsti hluti eigna félagsins í Þýskalandi.

**Gerðu drög að svari til Global Audit í Þýskalandi.**

## Verkefni 1 – framhald

- C) Forstjóri TELEFON hafði samband við Guðrúnu Öldu í dag og hafði miklar áhyggjur af 9 mánaða uppgjöri félagsins. Árshlutauppgjör félagsins hafa öll verið könnuð og er stefnt að því að birta 9 mánaða uppgjör félagsins í NasdaqOMX 20. október nk. Fjármálastjóri félagsins fékk blóðtappa í gær og því er nokkuð ljóst að hann getur ekki komið að vinnunni að þessu sinni. Helsti aðstoðarmaður fjármálastjórans er nýfarinn í fæðingarorlof og engir aðrir sem forstjórinn treystir í uppgjörsvinnuna. Forstjórinn fer því fram á að fá Guðrúnu Öldu „leigða“ í nokkra mánuði á meðan fjármálastjórinn er að jafna sig og þá líka til að bjarga ársuppgjörinu enda sé hún ein af fáum sem hafi þekkingu á þessari flóknu samstæðu sem TELEFON samstæðan er. Forstjórinn segir jafnframt að hann sé tilbúinn að borga partneraþóknun fyrir Guðrúnu Öldu, enda skipti þetta fyrirtækið miklu máli á þessum erfiðu tímum. Hann væri líka fullviss um að Einar Tómas, starfsmaður Global Audit, sem hefur unnið mikið með Guðrúnu Öldu í endurskoðuninni á TELEFON væri full fær um að taka við verkstjórninni á verkefninu. En vegna umfangs verkefnisins lagði forstjórinn áherslu á að Guðrún Alda kæmi fljótt til TELEFON og myndi vinna verkefnið frá þeirra starfsstöð og undir þeirra verkstjórn.

**Telur þú að hægt sé að verða við ósk forstjórans?**

*Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið hér:**

## Verkefni 2 – 30 mín.

### I

Guðmundur Jónsson, eigandi og eini starfsmaður lítils einkahlutafélags í virðisaukaskattskyldri starfsemi, kemur að máli við þig í dag. Hann hyggst auka umfang rekstrar síns með því að ráða til félagsins annan starfsmann til þess að annast sölu og markaðssetningu á vörum félagsins. Honum stendur til boða að fá til sín Hervöru Kristjánsdóttur, en Hervör vill fá kr. 250.000 útborgað eftir skatta og skyldur á mánuði fyrir sitt vinnuframlag. Guðmundur veltir því fyrir sér hvaða útgjöld þetta hafi í för með sér fyrir félagið og skattaleg áhrif þeirra. Hervör verður ekki í launuðu starfi annarsstaðar og hún nýtur ekki annars persónuafsláttar en síns eigin.

### Verkefni þitt er:

- A) Reikna út fyrir Guðmund hver launakostnaður félagsins verður á mánuði vegna Hervarar. Reikna skal með að 12% heildariðgjald í samtryggingasjóð verði greitt af launum Hervarar og að hún kjósi að greiða 4% í séreignarsjóð en sleppa skal áhrifum mögulegra félagsgjalda.**
- B) Reikna út áhrif þess á tekjuskattstofn og tekjuskatt félagsins, að ráða Hervöru til starfans.**

### II

Þú ert svo lánsamur/-söm að vera eini endurskoðandinn á svæðinu þannig að Hervör leitar einnig til þín varðandi mögulega aðkomu hennar að félaginu. Hún veltir fyrir sér hvort hún eigi að sinna starfinu frá heimili sínu sem verktaki eða hvort hún eigi að ráða sig sem launþega. Hún veit að ráði hún sig sem launþega þá fær hún laun í sumarfrí sínu alls 24 virka daga á ári og vill ekki fórna þeim réttindum við það að gerast verktaki. Hún veit hins vegar að verktakar sem selja þjónustu af þessu tagi gera ekki reikning nema fyrir unna vinnu. Gera skal ráð fyrir að um verktakasamband geti verið að ræða og að kostnaður hennar sem verktaka felist eingöngu í launum hennar og hliðstæðum launatengdum gjöldum og fram koma í lið I.

### Verkefni þitt er:

- C) Reikna út hvað Hervör þarf að gefa út háan reikning á ársgrundvelli til þess að hún standi eftir með kr. 250.000 á mánuði að jafnaði til eigin þarfa þegar hún hefur staðið skil á sköttum og skyldum.**
- D) Reikna út hvað útgefinn reikningur Hervarar þarf að hækka um á ársgrundvelli ef hún gerir ráð fyrir að greiða árlega vegna síma og tölvutenginga við rekstur sinn sem nemur kr. 376.500, þjónustu endurskoðanda kr. 125.500 og félagsgjalds í félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga kr. 7.900.**

**Svarið hér eða í excel-svarskjali:**

### Verkefni 3 – 10 mín.

Forsvarsmaður í stóru útgerðarfélagi í dreifðri eignaraðild, kemur að máli við þig og segist hafa áhyggjur af því að í lok árs 2014 muni 10 ára gamalt skattalegt tap fyrnast þar sem hagnaður félagsins á árinu 2014 nái ekki að vinna það upp. Veruleg verðmæti felast í því fyrir félagið að tapið nýtist.

Eftirfarandi upplýsingar eru úr efnahagsreikningi félagsins 31. desember 2013 og skattframtali 2014:

Eignir	Ársreikningur	Skattalegt virði
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir	388.000.000	170.000.000
Óefnislegar eignir (aflaheimildir)	8.000.000	0
Hlutabréfaeign	12.945.000	3.500.000
Fastafjármunir samtals	<u>408.945.000</u>	<u>173.500.000</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
Birgðir	92.000.000	87.400.000
Viðskiptakröfur	105.000.000	99.750.000
Aðrar skammtímakröfur	960.000	960.000
Handbært fé	81.560.000	81.560.000
Veltufjármunir samtals	<u>279.520.000</u>	<u>269.670.000</u>
Eignir samtals	<u>688.465.000</u>	<u>443.170.000</u>

**Verkefni þitt er að greina forsvarsmanni félagsins frá þeim leiðum, með vísan í lög um tekjuskatt, sem félagið getur hugsanlega beitt til þess að auka líkur á nýtingu yfirfæranlega skattalega tapsins.**

**Svarið hér eða í excel-svarskjali:**

#### Verkefni 4 – 60 mín.

Alma Sigurðardóttir er nýtekin við sem fjármálastjóri North Atlantic Travel ehf. Félagið er fyrst og fremst eignarhaldsfélag um fasteignir og eignarhluti í félögum. Félögin sem North Atlantic Travel ehf. á í eru þrjú á Íslandi (100% eignarhlutur í öllum), eitt á Grænlandi (100% eignarhlutur), eitt í Færeyjum (55% eignarhlutur) og eitt í Noregi (45% eignarhlutur). North Atlantic Travel ehf. leigir fasteignirnar sínar, sem eru eitt hótél í Reykjavík og eitt hótél á Akureyri, til eins af íslensku dótturfélögum sínum, NAT Hotel ehf., sem rekur þau ásamt tveimur gistiheimilum til viðbótar sem leigð eru af þriðja aðila. Er annað þeirra gistiheimili á Egilsstöðum en hitt á Hvolsvelli. Erlendu félögin reka gistiheimili sem þau leigja af þriðja aðila. Í hinum íslensku dótturfélögunum tveimur fer fram rekstur fólksflutningabifreiða annars vegar, í NAT Bus ehf., og rekstur ferðaskrifstofu hins vegar, í NAT Travel Agency ehf.

Þrátt fyrir að vera fyrst og fremst eignarhaldsfélag, þá fer fram í North Atlantic Travel ehf., miðlæg þjónusta fyrir öll framangreind félög, eins og fjármálastjórn, bókhaldsþjónusta, tölvu- og upplýsingatækniþjónusta o.fl. North Atlantic Travel ehf. sendir reikninga fyrir umræddri þjónustu til hinna félaganna. Þá fer ytri fjármögnun í gegnum North Atlantic Travel ehf. sem endurlánar svo til þeirra félaga sem það á meirihluta í (norska félagið undanskilið).

Í lok reikningsársins 2013 námu heildareignir North Atlantic Travel ehf. alls u.þ.b. 2,5 milljörðum kr. og rekstrartekjur 2013 voru u.þ.b. 200 milljónir kr. Á sama tíma voru heildareignir NAT Hotel ehf. 400 milljónir kr. og rekstrartekjur 1.100 milljónir kr., heildareignir NAT Bus ehf. 160 milljónir kr. og rekstrartekjur 45 milljónir kr., og heildareignir NAT Travel Agency 100 milljónir kr. og rekstrartekjur 150 milljónir kr.

Það eru ýmis verkefni sem bíða nýs fjármálastjóra, m.a. að taka afstöðu til ýmissa skattalegra álitafna. Til að auðvelda sér verkið leitar Alma til þín um upplýsingar í því sambandi:

- A) NAT Hotel ehf. hefur í hyggju að byggja og reka gistiheimili í Ólafsvík. Byggingin verður fjármögnuð með eigin fé og hlutafjárukningu North Atlantic Travel ehf. í NAT Hotel ehf. Við hlutafjárukninguna treystir North Atlantic Travel ehf. m.a. á að arðgreiðslur verði samþykktar á aðalfundum NAT Bus ehf. og NAT Travel Agency ehf., sem haldnir verða á næstu dögum, en svigrúmið þar er 100 milljónir kr., þar sem óráðstafað eigið fé þessara félaga er samtals 60 milljónir kr. og yfirverðsreikningar hlutafjár samtals 40 milljónir kr. NAT Hotel ehf. seldi á árinu 2012 gistiheimili í Reykjavík með umtalsverðum skattskyldum söluhagnaði en frestaði skattlagningunni á söluhagnaðinum um tvenn áramót eins og heimilt er að gera, samkvæmt lögum um tekjuskatt, þegar aðili á ekki fyrmanlegar eignir sem hann getur flýtifyrnt með hinum skattskylda söluhagnaði. Í því ljósi er mikilvægt að byggingarframkvæmdir komist í gang á árinu 2014 og að í lok árs 2014 verði byggingarkostnaðurinn a.m.k. orðinn jafn söluhagnaðinum 2012 þannig að hægt sé að flýtifyrna byggingarframkvæmdirnar um allan söluhagnaðinn þannig að enginn hluti söluhagnaðarins teljist til skattskyldra tekna á árinu 2014. Alma er ekki viss um hvort þetta gangi upp.

#### Verkefni 4 – framhald

- B) Auk þess sem North Atlantic Travel ehf. treystir á væntar arðgreiðslur frá dótturfélögum við hlutafjáraukninguna sína í NAT Hotel ehf., sbr. umfjöllun í lið A), þá mun félagið nota eigið fé við umrædda hækkun. Félagið á nokkurt laust fé eftir arðgreiðslu sem það fékk frá norska félaginu sem það á 45% eignarhlut í. Norska félagið hélt á sínum tíma eftir 15% skatti af arðgreiðslunni. Alma veltir fyrir sér hvort það sé endanlegur skattur í Noregi og ef svo er hvort sá skattur komi til með að milda skattlagningu umræddra tekna á Íslandi.
- C) Þá þarf Alma að svara því hvort íslensk stúlka sem lengi hefur starfað hjá NAT Hotels ehf. við stjórnun gistiheimila, hafi orðið skattskyld í Noregi þegar hún starfaði tímabundið við stjórnun gistiheimilisins í Noregi sem norska félagið rekur, sem Nortic Atlantic Travel ehf. á 45% eignarhlut í. Stúlkan dvaldi og starfaði einungis í þrjá mánuði í Noregi eða 90 daga og því vel innan við 183 daga mörkin sem Alma hefur oft heyrt nefnd í þessu samhengi. Þann tíma sem stúlkan var í Noregi fór hún af launaskrá NAT Hotels ehf. og á launaskrá norska félagsins.
- D) Í ljósi nýlegrar löggjafar um milliverðlagningu, sem öðlaðist gildi í desember 2013 og kom til framkvæmda 1. janúar 2014, þarf Alma að huga að því hvort og þá að hvaða leyti löggjöfin á við um North Atlantic Travel ehf. og félögin sem North Atlantic Travel ehf. á eignarhluti í.
- E) Alma hefur heyrt að virðisaukaskattur í ferðaþjónustu sé nokkuð flókinn og vill sem fyrst setja sig inn í þau mál. Hún vill vita hvort og þá hversu háan virðisaukaskatt ýmis þjónusta ber sem snertir þann rekstur sem North Atlantic Travel samstæðan hefur með höndum. Um er að ræða útleigu hótél- og gistiherbergja og útleigu tjaldstæða, en leigan er í öllum tilvikum til skemmri tíma en eins mánaðar. Þá er um að ræða fólksflutninga með fólksflutningabifreiðum og þjónustu ferðaskrifstofa. Einnig þarf Alma að vita hvort og þá hversu háan virðisaukaskatt þjónusta sjálfstæðra leiðsögumanna ber, en yfirleitt fara slíkir með í fólksflutningabifreiðunum í ferðir vítt og breitt um landið. Leiðsögumennirnir eru sjálfstæðir í atvinnu sinni sem leiðsögumenn, enda þótt sumir þeirra taki einnig vaktir á hótélum og gistiheimilum samstæðunnar sem launamenn. Þá þarf Alma líka upplýsingar um gistináttaskatt, hversu hár hann er og hvernig hann reiknast. Er t.d. virðisaukaskattur reiknaður af gistináttaskatti? Er sami gistináttaskattur á tveggja manna herbergi þar sem tveir gista og á eins manns herbergi þar sem einn gistir, eða er skatturinn í fyrra tilvikinu tvöfaldur á við hinn?

**Verkefni þitt er að svara framangreindum álitaeftum og spurningum í liðum A) til E). Vísu skal til viðeigandi lagaákvæða og rökstyðja svör eftir því sem við getur átt.**

**Svarið hér:**

## **Verkefni 5 – 60 mín.**

Stjórn TELEFON hf. réð til sín innri endurskoðanda í hálfstarf haustið 2013. Forstjóri TELEFON hf. hefur lagt á það ríka áherslu að lækka kostnað við ytri endurskoðun eins og kostur er með því meðal annars að Global Audit nýti sér krafta innri endurskoðandans. Innri endurskoðandinn, Tómas Teitsson, er mjög áhugasamur um þetta samstarf og hefur hvatt Guðrúnu Öldu, verkefnisstjóra, til að setja sér fyrir verkefni og prófanir sem hann verði búinn að leysa í lok október 2014. Tómas hefur nýlokið MAcc námi í endurskoðun og reikningsskilum við Háskóla Íslands og er að hugleiða að skella sér í faggildinguna í innri endurskoðun vorið 2015. Guðrún Alda hafði spjallað óformlega við Tómas rétt fyrir páska og rætt við hann um ýmsa mikilvæga þætti starfseminnar sem hún taldi að Tómas þyrfti að hafa auga með. Til þess að sýna Guðrúnu Öldu hvers megnugur hann væri, kom Tómas með vinnugögn sín, sjá fylgiskjal 5.1 og fylgiskjal 5.2, sem tengdust úttekt hans á samþykktarferli með reikningum, auk þess sem Tómas hafði verið viðstaddur birgðatalningu í söludeild fyrirtækisins 1. júlí 2014.

### **Úrlausnarefni:**

- A) Getur ytri endurskoðandi byggt endurskoðunargögn sín á gögnum innri endurskoðanda? Rökstyddu svarið. (15 mín.)**
  
- B) Hvaða umsögn ætti Guðrún Alda að gefa Tómasi vegna vinnupappíra hans? (45 mín.)**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið hér:**



## Verkefni 6 – 60 mín.

Guðrún Alda er að undirbúa fyrsta skipulagningarfund teymisins vegna vinnu við endurskoðun á ársreikningi TELEFON hf. fyrir árið 2014. Guðrún Alda fékk Gunnar Ara, aðstoðarmann sinn til að gera drög að áhættumati, sjá fylgiskjal 6.1. Áhættumatið var gert á grundvelli upplýsinga úr ársreikningi síðasta árs, sjá fylgiskjal 6.2. Guðrún Alda hefur ekki tíma til að fara yfir áhættumatið sjálf fyrir fundinn en hann verður haldinn í fyrramálið. Guðrún Alda biður þig um að fara yfir áhættumatið og lagfæra það, ef þess þarf með, en þú hefur unnið að því undanfarið að aðstoða endurskoðunarteymi Global Audit á Íslandi í ýmsum gæðamálum.

Umsjónarendurskoðandi verkefnisins leggur áherslu á að ljúka skipulagningu endurskoðunarinnar á morgun og leggur til að þessar skylduadgerðir, eins og að reikna mikilvægismörk og að framkvæma upphafsgreiningaraðgerðir, verði gerðar nær áramótum þegar tölurnar í bókhaldinu líkist betur áramótatölunum sem endurskoða á. Þá biður endurskoðandinn þig um að taka saman lista yfir helstu aðgerðir sem hann þyrfti að fara yfir áður en hann getur samþykkt að skipulagningarferlinu sé lokið. Hann biður þig um að huga að því að hans vinna skarist ekki við vinnu verkefnisstjórans, Guðrúnar Öldu. Þá hefur Birgir Einarsson, hluthafi í Global Audit, beðið þig um aðstoð við að setja upp umgjörð um starf hans sem gæðarýnis (e. engagement quality control reviewer) og hvað ætti að koma fram í skýrslu hans um skipulagningu verkefnisins.

### Úrlausnarefni:

- A) Farðu yfir áhættumatið, sem leggja á fyrir skipulagningarfundinn á morgun, og leggðu mat á hvort það uppfylli helstu kröfur staðlanna. Lagfærðu áhættumatið ef með þess þarf. (30 mín.)
- B) Taktu saman lista yfir helstu aðgerðir sem:
  - i. verkefnisstjóri þarf að ljúka í tengslum við lok skipulagningar endurskoðunar á TELEFON hf. (e. sign off planning). (10 mín.)
  - ii. umsjónarendurskoðandi þarf að ljúka í tengslum við lok skipulagningar endurskoðunar á TELEFON hf. (e. sign off planning). (10 mín.)
- C) Taktu saman minnisblað um skyldur gæðarýnis í tengslum við lok skipulagningar á endurskoðun TELEFON hf. (e. sign off planning). (10 mín.)

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið hér:**

## Verkefni 7 – 50 mín.

Samskiptaöryggi hf. hefur á árunum 2013 og 2014 unnið að þróun á upplýsingakerfi sem tryggja á öryggi og eftirlit fyrirtækja með viðkvæmum persónuupplýsingum. Félagið hefur verið í samskiptum við ýmis fjármálafyrirtæki um hugsanleg kaup á hugbúnaðinum auk þess sem fjarskiptafélög hafa sýnt kerfinu mikinn áhuga. Í upphafi höfðu áætlanir gert ráð fyrir að kerfið yrði söluhæft í byrjun árs 2015 en nú í september síðastliðinn kom í ljós að ákveðinn hluti kerfisins hrundi við stærri keyrslur. Forritararnir telja sig þurfa að skrifa aftur og endurhanna þennan hluta kerfisins. Gert er ráð fyrir að þessi vinna geti seinkað því að kerfið verði söluhæft um áramótin og jafnvel um eitt til tvö ár.

Á undanförunum tveimur árum hefur félagið ráðið til sín fjölda forritara og fjárfest umtalsvert í nýjum vélbúnaði. Margir lykilstjórnendur Samskiptaöryggis hf. hafa einnig komið að þessu verkefni. Á árinu 2013 var allur kostnaður vegna verkefnisins gjaldfærður en vélbúnaður eignfærður. Á árinu 2014 hefur allur kostnaður vegna þessa verkefnis verið eignfærður undir liðnum áhöld og tæki og heitir bókhaldslykillinn þróunarkostnaður öryggiskerfis, sjá fylgiskjal 7.1. Félagið hefur fengið styrki frá Nýsköpunarsjóði vegna verkefnisins og hafa þeir verið færðir til skuldar í bókhaldi félagsins á árinu 2014, samtals 25 millj. kr. Þegar verkefninu lýkur er gert ráð fyrir lokagreiðslu frá Nýsköpunarsjóði að fjárhæð 10 millj. kr. Forstjóri félagsins hefur kvittað upp á yfirlit sem sýnir eignfærðan heildarkostnað vegna verkefnisins, enda telja stjórnendur að hér sé verið að þróa verðmæta eign sem muni nýtast um ókomna framtíð. Þrátt fyrir að mikilvægir áfangar hafi náðst í verkefninu er enn eitthvað í það að kerfið verði söluhæft og því hefur verið tekin ákvörðun um að byrja ekki að fyrna eignina fyrir en á næsta ári og telur forstjórinn rétt að afskrifa kerfið á 15 árum.

Þér hefur verið falið að skipuleggja endurskoðun á þessum lið.

Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir úr ársreikningi 2013:

- Í kafla um helstu reikningsskilaaðferðir segir: „Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.“
- Í skýringu með skuldaliðum segir jafnframt: „Styrkir eru skuldfærðir í efnahagsreikningi á meðan á þróun á vöru fer fram“.

## Úrlausnarefni:

- A) Taktu saman minnisblað um helstu álita- og áherslumál er tengjast endurskoðun á þróunarkostnaði félagsins.**

## Verkefni 7 – framhald

B) Skipuleggðu endurskoðun á þróunarkostnaði félagsins. Settu upp endurskoðunarfyrirmæli og greindu frá því hvaða gagna og upplýsinga þyrfti að afla í tengslum við endurskoðunina.

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið hér:**

## Verkefni 8 – 55 mín.

Sparisjóðsstjóri ABC sparisjóðsins kemur til þín sem sérfræðings í reikningsskilum og óskar eftir aðstoð þinni við að greina hvaða breytingar þurfi hugsanlega að gera á reikningsskilum sparisjóðsins ef alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir, IFRS, verða innleiddir.

### A - 20 mín.

Lán sparisjóðsins hafa verið reiknuð út og færð í bækur hans með sem einföldustum hætti, eins og sparisjóðsstjórinn orðaði það. Sem dæmi tekur hann lán sem veitt var ágætum viðskiptavini sjóðsins.

Lánið var veitt 1. janúar 2013, til 5 ára, með afborgunum einu sinni á ári, í fyrsta sinn 1. janúar 2014. Lánið er óverðtryggt og með breytilegum vöxtum. Í upphafi var tekin 1% afgreiðsluþóknun af láninu sem ætlað er að mæta ýmsum kostnaði við að ganga frá og afgreiða lánið. Einnig var tekið 3% uppgreiðslugjald sem er álag sem sparisjóðurinn tekur fyrir rétt lánakanda til að greiða lánið upp hvenær sem er. Upphaflega lánið var 5,4 milljónir króna og vextir 8%. Vextir hafa verið óbreyttir það sem af er lánstíma.

Þann 30. september 2014 var lánið í skilum og staðan á því í bókum (lánakerfum) sparisjóðsins var 4.579.200 krónur með áföllnum vöxtum.

**Verkefni þitt er að svara sparisjóðsstjóranum sem biður þig um að skoða hvort þessi staða sé rétt ef farið er eftir ýtrustu IFRS aðferðafræði. Útskýrið í hverju hugsanlegur munur gæti legið, með tilvísun í IFRS. Einnig biður hann þig um að setja upp þær leiðréttingarfærslur sem hugsanlega þarf að gera ef farið verður út í IFRS reikningsskil, miðað við 30. september 2014.**

### B - 20 mín.

Næst stærsta útlán sparisjóðsins er í uppnámi að sögn sparisjóðsstjórans. Það er í vanskilum þar sem síðasti gjalddagi var ekki greiddur. Upplýsingar um lánið:

Nafnverð.....	45 milljónir króna
Útgáfudagur.....	30. september 2011
Óverðtryggt, fastir vextir .....	10%
Vextir af samsvarandi nýjum lánnum .....	8%
Dráttarvextir 30. september 2014 .....	12%
Fjöldi afborgana alls.....	5
Afborganadagur ár hvert .....	30. september
Fyrsta afborgun .....	30. september 2012
Staða láns í síðasta uppgjöri 30. september 2014 með áföllnum samningsvöxtum .....	30.510.000 krónur
Framlag á sérstakan afskriftareikning 30. september 2014..	8 milljónir króna
Veð í fasteign:	
a) Fasteignamat miðað við 1. desember 2013 .....	45 milljónir króna
b) Mat fasteignasala á verðmæti veðs 30. september 2014	25 milljónir króna
c) Söluþóknun fasteignasala við sölu.....	1,5 milljónir króna

## **Verkefni 8 – framhald**

Sparisjóðsstjórinn er svartsýnn á þetta lán, telur að ekkert fáið upp í það frá skuldara enda sé hann á leið í gjaldþrot, þannig að sparisjóðurinn þurfi að leysa til sín veðið til að fá eitthvað upp í skuldina. Veðið er hins vegar ekki gott, fasteignin er í slæmu ástandi og á óvinsælum stað og er formlegt mat löggilts fasteignasala á virði hennar 25 milljónir króna. Fram kom í matinu að vegna erfiðrar stöðu á fasteignamarkaðnum á þessu svæði, gæti dregist í 1-2 ár að selja eignina.

Sparisjóðsstjórinn lagði 8,0 milljónir króna á afskriftarsjóð í síðasta uppgjöri, 30. september 2014. Hann veltir fyrir sér hvort það sé í samræmi við IFRS.

**Verkefni þitt er að upplýsa sparisjóðsstjóran um reglur IFRS um útreikning á afskriftum útlána og reikna út hvert rétt framlag á að vera samkvæmt IFRS. Rökstyðjið þær forsendur sem þið notið við útreikninga ykkar.**

### **C - 15 mín.**

Sparisjóðsstjórinn veit að við upptöku IFRS þá aukast kröfur um skýringar. Meðal annars vill hann vita hvaða upplýsingar hann þarf að veita um lán sem eru í vanskilum eða hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Einnig vill hann vita hvaða upplýsingar hann þarf að veita um þau veð sem sparisjóðurinn hefur fyrir lánnum.

**Verkefni þitt er að upplýsa hann um þetta, með vísun í viðeigandi staðla.**

**Svarið hér eða í excel-svarskjali:**

## Verkefni 9 - 75 mín.

### A - 15 mín.

Sól ehf. ákvað í byrjun júní 2013 að kaupa 10% hlut í fyrirtækinu Byrjun ehf. fyrir 1 milljón króna. Fjárfestingin var færð sem fjáreign til sölu (e. Available-for-sale). Í árslok 2013 hafði gangvirði eignarhlutarins í Byrjun ehf. hækkað um 600 þúsund krónur. Sól ehf. færði þessa gangvirðisbreytingu á fjáreign til sölu og á móti á aðra heildarafkomu.

Þann 1. janúar 2014, keypti Sól ehf. til viðbótar 25% hlut í Byrjun ehf. fyrir 4 milljónir króna og fær við það veruleg áhrif.

Gangvirði nettó eignar Byrjunar ehf. þann 1. júní 2013 var 5 milljónir króna, en var orðin 8 milljónir króna þann 1. janúar 2014.

Hagnaður Byrjunar ehf. að frádregnum arði frá 1. júní 2013 til 31. desember 2013 var 2 milljónir króna.

**Verkefni þitt er að búa til færslur fyrir bókhald Sólar ehf. vegna ofangreindra viðskipta. Einnig þarft þú að leiða út hvort til hafi orðið viðskiptavild í þessum viðskiptum. Lítið framhjá skattaáhrifum í þessu verkefni.**

### B - 35 mín.

Máni ehf. kaupir og staðgreiðir 20% eignarhlut í Þjónustu ehf. 1. janúar 2013 fyrir 3,5 milljónir króna og fékk strax kosinn einn stjórnarmann í fimm manna stjórn félagsins. Þann dag var gangvirði aðgreinanlegra eigna Þjónustu ehf. 10 milljónir króna og bókfært verð þeirra 8 milljónir króna. Þjónusta ehf. skuldaði ekkert á þeim degi. Efnahagsreikningur Þjónustu ehf. og gangvirði var eftirfarandi 1. janúar 2013:

Þjónusta ehf. 1. janúar 2013

Í þúsundum króna	Bókfært verð	Gang- verð
Sjóður og viðskiptakröfur	2.000	2.000
Fasteign	<u>6.000</u>	<u>8.000</u>
	8.000	10.000
Hlutfé, 1 milljón hluta	5.000	
Óráðstafað eigið fé	<u>3.000</u>	
	8.000	

Efnahagsreikningur Mána ehf. þann 1. janúar 2013, fyrir viðskiptin, var eftirfarandi:

Í þúsundum króna	Bókfært verð
Sjóður	30.000
Hlutfé	30.000

Félagið gerði ekkert annað á árinu en að kaupa framangreindan eignarhlut.

## Verkefni 9 - framhald

Árið 2013 var hagnaður hjá Þjónustu ehf. að fjárhæð 6 milljónir króna, en ekki var greiddur arður. Auk þess hækkaði gangvirði fasteignar um 3 milljónir króna, í 11 milljónir króna.

Efnahagsreikningur Þjónustu ehf 31. desember 2013 var eftirfarandi:

Í þúsundum króna	Bókfært verð	Gang- verð
Sjóður og viðskiptakröfur	8.000	8.000
Fasteign	<u>6.000</u>	<u>11.000</u>
	14.000	19.000
Hlutfé, 1 milljónir hluta	5.000	
Óráðstafað eigið fé	<u>9.000</u>	
	14.000	

### i. 10 mín.

**Verkefni þitt er að stilla upp efnahagsreikningi Mána ehf. í lok árs 2013. Leiðið einnig út viðskiptavild Mána ehf. af kaupunum á hluta í Þjónustu ehf. ef hún er til staðar. Lítið framhjá skattaáhrifum í verkefninu.**

Þann 1. janúar 2014 keypti Máni ehf. 60% eignarhlut til viðbótar í Þjónustu ehf. á 22.000.

### ii. 25 mín.

**Verkefni þitt er að stilla upp samstæðuefnahagsreikningi Mána ehf. eftir kaupin þann 1. janúar 2014. Lítið framhjá skattaáhrifum í verkefninu.**

## C - 25 mín.

September ehf. á 80% eignarhlut í dótturfélaginu Október ehf. September ehf. selur 50% hlut á 300 milljónir króna. September ehf. á þá eftir 30% hluta í Október og missir við þetta yfirráðin í félaginu, en heldur eftir verulegum áhrifum. Bókfært virði hreinnar eignar Október var 440 milljónir króna og var engin viðskiptavild eignfærð. Fyrir sölu var bókfært virði á 20% eignarhluta minnihlutaeigenda í Október 88 milljónir króna. Það var fjögurra milljóna króna staða í kredit á gangvirðisreikningi fjáreigna til sölu (AFS) meðal eigin fjár og 10 milljónir króna færðar í kredit á endurmatsreikning meðal eigin fjár, sem tengdust dótturfélaginu.

**Verkefni þitt er að gera nauðsynlegar færslur í bókhaldi September ehf. þegar fyrirtækið selur hlut sinn í dótturfélaginu. Lítið framhjá skattaáhrifum í verkefninu.**

**Svarið hér eða í excel-svarskjali:**

## **Verkefni 10 - 15 mín.**

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS 8 er starfspáttur skilgreindur sem rekstrareining sem getur aflað tekna og stofnað til útgjalda (þar á meðal tekna og gjalda vegna annarra eininga í samstæðunni), og rekstrarafkoma einingarinnar er yfirfarin reglulega af æðsta ákvörðunartökuaðila félagsins (e. Chief Operating Decision Maker) og vegna þeirra upplýsinga tekur hann ákvörðun um ráðstöfun aðfanga; og æðsti ákvörðunartökuaðili félagsins yfirfer og metur afkomu viðkomandi einingar, eins og segir í 5. grein staðalsins. Miðað við þessa skilgreiningu er mjög mismunandi eftir félögum hvað telst vera starfspáttur og getur það verið mismunandi milli félaga í sömu starfsgrein.

### **Verkefni þitt er að:**

- A) Útskýra á hnitmiðaðan hátt fyrir stjórnendum fyrirtækis hvers vegna Alþjóðlega reikningsskilaráðið er að skylda fyrirtæki á markaði til að birta starfspáttaskýringu.**
- B) Starfspættir geta í sumum fyrirtækjum verið aðeins einn eða fáir, en fjölmargir í öðrum. Upplýstu viðskiptavin, sem er stjórnandi félags á markaði með mjög marga hugsanlega starfspætti, hvort til séu ákvæði eða reglur sem heimila að leggja saman starfspætti til að minnka umfang skýringarinnar.**

### **Svarið hér:**



## Verkefni 11 – 20 mín.

Halldór er forstjóri lyfjafyrirtækisins Concerta hf. Fyrirtækið er sífellt að stækka og er Halldór að leita leiða til að gera einstaka stjórnendur ábyrgari. Hann hefur heyrt af mörgum fyrirtækjum sem hafa aukið sjálfstæði deilda með því að kaupa og selja vörur og þjónustu frá einni deild til annarrar. Með slíkum aðferðum væri hægt að meta frammistöðu deildarstjóra á árangri deildanna t.d. með liðum eins og hreinum tekjum deildarinnar, hagnaði deildarinnar, framlegð eða ávöxtun (ROI). Halldóri er þó ljóst að þar með geta risið ágreiningsmál innan fyrirtækisins á milli deildarstjóranna þar sem þeir væru vísir til þess að taka ákvarðanir, sem hagnast þeirra eigin deildum en geta skaðað heildarhagsmuni fyrirtækisins. Jafnvel þó að Halldór hafi ekki gefið út þá stefnu að einstakar deildir væru rekstrarlega sjálfstæðar einingar hefur nú þegar komið upp ágreiningur á milli deildarstjóra í fyrirtækinu. Til dæmis ákvað einn deildarstjóri að kaupa hráefni frá utanaðkomandi birgi þó svo að sama hráefni mætti fá á lægra kostnaðarverði frá annarri deild innan fyrirtækisins. Deildarstjóri þeirrar deildar hafði neitað að selja hráefnið á lægra verði þar sem hann var að gæta hags sinnar deildar og taldi sig geta selt vörurnar á talsvert herra verði til þriðja aðila.

### Úrlausnarefni:

**Getur milliverðlagning (e. transfer pricing) hjálpað fyrirtækinu að forðast þessa tegund af átökum? Rökstyddu svarið.**

**Svarið hér:**